

## Norrænir íðorðadagar – Nordterm 2007

Norrænir íðorðadagar voru 13.–16. júní 2007 í Norges Handelshøyskole í Bergen á vegum Nordterm, samtaka stofnana og félaga á Norðurlöndum sem fást við íðorðastörf, íðorðakennslu og rannsóknir á sviði íðorða. Annað hvert ár er haldið námskeið, ráðstefna og aðalfundur samtakanna og standa þessir viðburðir jafnan samfleytt í 4-5 daga, nálægt miðjum júní.

Helsta viðfangsefni námskeiðsins að þessu sinni voru þýðingar á sérhæfðum textum. Meginefni ráðstefnunnar var þekking og miðlun sérfræðiefnis. Á námskeiðinu á norrænu íðorðadögunum í Reykjavík 2005 hafði verið fjallað um hlutverk íðorðafræðinnar þegar samdir eru sérhæfðir textar handa almenningi og þá fjallaði ráðstefnan um orð og íðorð. Því má segja að norrænir íðorðadagar hafi undanfarin tvö skipti einkennst af því að skipuleggjendur hafi lagt sig fram um að leggja áherslu á snertifleti íðorðafræðinnar út á við, þ.e. á miðlun á sérfræðilegu efni á ýmsan hátt og samband sérhæfða orðaforðans og hins almenna.

Kennarar á námskeiðinu 13. júní voru Heribert Picht og Bodil Nistrup Madsen frá Copenhagen Business School og Koen Kerremans, fræðimaður við Centrum voor Vaktaal en Communicatie við Erasmushogeschool í Brussel. Á ráðstefnunni 14.-16. júní héldu lykilfyrirlestra Koen Kerremans, Gjert Kristoffersen og Heribert Picht. Alls voru þar haldin 40 erindi í tveimur málstofum.

Enda þótt yfirskrift ráðstefnunnar hafi verið ætlað að stýra því nokkuð hvernig fyrirlesarar völdu viðfangsefnin eða völdu að nálgast viðfangsefni sín þá varð útkoman að hluta til sundurleit. Slíkt er ekki alltaf æskilegt, t.d. þegar fólk vill ganga að tilteknu meginefni vísu í ráðstefnuriti eftir á, en það gerir sjálfar ráðstefnurnar að vissu leyti skemmtilegri.

Nokkuð var misjafnt hversu fræðilegir fyrirlestrarnir voru. Eins og við mátti búast var einkum fræðilegur fengur að fyrirlestrum háskólakennara en sum önnur erindi báru þess merki að fyrirlesarar fást við íðorð á afmörkuðu sviði og á einn tiltekinn hátt, s.s. við upplýsingamiðlun innan ákveðinnar stofnunar, og völdu að segja einkum frá kynningaradferðum og tækni við vörslu og framsetningu á sérhæfðum upplýsingum. Meðal þeirra sérgreina, sem dæmi voru tekin af í erindum á ráðstefnunni að þessu sinni, má nefna hagfræði, heilbrigðisvísindi, eldvarnir, skógrækt, olíuvinnslu, vistfræði, námskrár, jarðfræði og lögfræði.

Sjálfum þótti mér e.t.v. einna merkilegast að þessu sinni að svo virðist sem samheiti og önnur tilbrigði í fagtextum eigi nú loksins upp á pallborðið: fleiri og fleiri hverfa frá gömlu kennisetningunni um að hvert hugtak skuli aðeins táknað með einu heiti. Þá mátti einnig merkja betur en stundum áður að margt íðorðafólk hefur rekið sig á að skilgreiningar og skýringar á hugtökum þurfa að geta verið breytilegar eftir því hver markhópurinn er hverju sinni.

Norrænu íðorðadagarnir 2007 voru hinir fjölmennustu til þessa, skráðir þátttakendur voru 152 talsins. Ráðstefnurit er væntanlegt, í ritröð Nordterm-samtakanna.

*Ari Páll Kristinsson*

## Orð, orð og aftur orð á Akureyri Frásögn af 9. norrænu orðabókaráðstefnunni

### 1 Inngangur

Dagana 22.–26. maí 2007 söfnuðust rúmlega 100 orðabókafræðingar saman á Akureyri. Skandinavarnir, Finnarnir, Íslendingarnir og ein tékknesk stúlka sóttu þar 9. ráðstefnuna um orðabókafræði á Norðurlöndum, sem þá var haldin í annað sinn á Íslandi. Að ráðstefnunni stóðu Norræna orðabókafræðifélagið, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og Málráð Norðurlanda. Alls voru haldin um 40 erindi. Ekki